

SAMPYKKT

um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) á Egilsstöðum.

1. gr.

Egilsstaðabær annast eða býður út alla sorphreinsun á Egilsstöðum í samræmi við samþykkt þessa. Sorphreinsun fer fram undir yfirumsjón bæjarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðisnefndar.

Egilsstaðabær annast sorpeyðingu í samvinnu við sorpmálanefnd Mið-Héraðs.

2. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni íbúðarhúsnæðis í Egilsstaðabæ er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á veturna og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Sorphirðumönnum er aðeins ætlað að taka sorppoka úr viðurkenndum sorpílátum.

Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluláta sinna, uppsetningu þeirra og viðhald.

3. gr.

Sorpið skal sett í sorppoka í þar til gerðum sorpílátum.

Í sorpílát má setja allan venjulegan neysluúrgang (heimilissorp) svo sem matarleifar, umbúðir, ónýtan fatnað, blöð og pappír. Glerbrotun og öðrum odhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn og gengið frá á tryggilegan hátt. Ekki má setja í sorpílát mold, möl, grjót, byggingarúrgang, gras o. þ. h.

Óheimilt er að setja spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) í sorpílát.

Sorppokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á.

Allt það sorp sem eigi verður látið í poka eða sem hreinsa þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir skulu hlutaðeigendur annast sjálfir á eigin kostnað sé ekki um annað samið.

Innheimti Egilsstaðabær sorphirðugjald samkvæmt 7. gr. samþykktar þessarar skal hverri skráðri íbúð lagður til einn sorppoki vikulega.

5. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en getið er um í 4. gr. ber sjálfum að annast og kosta sorphreinsun. Allan flutning úrgangs á vegum einstaklinga og fyrirtækja á þar til ætlað móttökusvæði skal framkvæma eftir fyrirmælum bæjarstjórnar og heilbrigðisfulltrúa og skal ítrasta þrífnaðar gætt.

Bæjarfélagið annast sorpeyðingu gegn sérstöku gjaldi, sbr. 7. gr.

6. gr.

Allt sorp sem ekki fellur undir 3. gr. skal koma með á gámasvæði bæjarins.

Brotamálm, t. d. bílhræ skal flytja á afmarkað svæði, samkvæmt nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings og heilbrigðisfulltrúa. Sama gildir um mold og garðaúrgang.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af bæjarstjórn. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast gjaldið við fjölda sorppoka. Slíkt gjald skal þó aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignargjöldum ár hvert. Egilsstaðabæ er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar samkvæmt 5 gr. skulu greiða sorpeyðingargjald samkvæmt gjaldskrá staðfestri af umhverfisráðherra.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun til bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það bæjarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa.

Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 14 um sorphreinsun í Egilsstaðahreppi frá 6. janúar 1986.

Umhverfisráðuneytið, 6. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Garðabæ fyrir árið 1993.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar sem virtar eru fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1993.